

STARFSSKÝRSLA

Leikskólinn Hulduheimar



2018 – 2019

Leiðarljós Fræðslusviðs:

Að öll börn og ungmenni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Leikskólastarfið í Hulduheimum	4
2.1	Stefna Hulduheima	4
2.1.1	Markmið Hulduheima	4
3.	Stutt greinargerð um skólastarfið 2017-2018	5
4.	Mat á leikskólastarfi	5
3.1	Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2017-2018	6
3.1.1	Helstu umbætur samkvæmt innra mati.	8
5.	Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf	8
5.1.	Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)	8
5.1.1.	Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings	9
5.1.2.	Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála	9
5.2.	Foreldrasamvinna	9
5.2.1.	Foreldraráð	9
5.2.2.	Foreldrafundir, foreldrafræðsla.	9
5.2.3.	Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).	10
5.2.4.	Foreldrafélag	10
5.2.5.	Fréttabréf	10
5.3.	Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	10
5.3.1.	Samstarf við skólapjónustu Árborgar	10
5.3.2.	Samstarf leik- og grunnskóla	10
5.3.3.	Samstarf við háskólana	10
5.3.4.	Annað samstarf	10
6.	Starfsmannamál	11
6.1.	Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2017-2018	11
6.2.	Fundarhöld og starfsdagar.	11
6.3.	Símenntun starfsmanna	12
6.3.1	Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2017-2018	12
6.3.2	Símenntunaráætlun skólaársins 2018-2019	13
7.	Starfsáætlun skólaársins 2018-2019	14
	Áherslur í starfi Hulduheima	14
8.	Fylgiskjöl	15
	Umbótaáætlun 2018-2019	15

Matsáætlun 2018-2019	16
Leikskóladagatal 2017-2018.....	19
Leikskóladagatal 2018-2019	Error! Bookmark not defined.
Samþykki foreldraráðs.....	21

Leikskólinn Hulduheimar

Heimilisfang: Erlurimi 1, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-3280

Netfang: hulduheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://hulduheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

1. Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar er gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er farið yfir allt innra mat skólaársins og umbótaáætlun gerð í kjölfarið.

Hér gefur að líta helstu niðurstöður innra mats og upplýsingar um starf Hulduheima skólaárið 2017-2018 og starfsáætlun leikskólans skólaárið 2018-2019 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er unnin í samráði við kennara leikskólans.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október ár hvert og skal skilað til Skólaþjónustu Árborgar og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu Hulduheima.

Selfoss, 1. september 2018

Kristrún Hafliðadóttir
Leikskólastjóri Hulduheima

Einkunnarorð Hulduheima

Virðing-Lýðræði-Samfélag

2. Leikskólastarfið í Hulduheimum

2.1 Stefna Hulduheima

Leikskólinn Hulduheimar starfar eftir lögum um leikskóla og Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Námsgvið leikskóla eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning en þau eiga að falla inn í alla starfsemi leikskólans.

Í Hulduheimum er hugmyndafræði John Dewey grunnurinn að innra starfi leikskólans. Samkvæmt henni er talið mikilvægt að börnin þekki fortíðina til að skilja nútíðina. Samfélagið og skólinn vinna saman og samband þarf að vera á milli raunverulegrar reynslu barnanna, náms og menntunar. Skólinn er samfélag þar sem lýðræði er haft að leiðarljósi, þar sem ólíkir einstaklingar starfa saman og hver um sig leggur sitt að mörkum. Reynslan, samfélagið og lýðræðið eru samofin í leikskólastarfinu samkvæmt hugmyndum Dewey. Hlutverk leikskólans er að hafa í huga líf barnanna utan veggja leikskólans og byggja á þeirri reynslu sem börnin hafa þegar aflað sér og skapa nýja reynslu sem þau geta lært af. Líf innan veggja leikskólans á að hjálpa barninu að lifa og starfa sem einstaklingur í samfélagi við aðra einstaklinga.

Samkvæmt hugmyndafræðinni er það börnum meðfætt að læra, þess vegna eiga þau að vera virk í eigin námi. Grunnhugmyndir uppeldisstefnu John Dewey byggjast á hugmyndum sem lýsa á einfaldan hátt í einkunnarorðunum „learning by doing“, að læra í athöfn og að læra af eigin reynslu.

Aðalnámsaðferð Hulduheima er könnunaraðferðin (Project Approach) en hún fer vel saman við hugmyndafræði Deweys að því leyti að þar er þekking byggð á reynslu barnanna. Með aukinni reynslu og rannsóknum á viðfangsefninu eykst þekkingin enn frekar.

2.1.1 Markmið Hulduheima

1. *Að mæta barninu þar sem það er stadd*, einstaklingsmiðað nám (menntun og reynsla). Samkvæmt hugmyndafræði Dewey er leikurinn leið til menntunar og þroska, börn öðlast einungis raunhæfa menntun í gegnum reynslu sína. Nám barna er samfélagsmiðað þar sem barnið lærir í samskiptum við aðra einstaklinga.
2. *Að barnið kynnist samfélaginu og umhverfinu* (menntun og samfélag). Börnunum er gefin tækifæri til þess að rannsaka og skoða umhverfi sitt og vinna úr upplifunum sínum á markvissan hátt innan leikskólastarfsins. Þau fá tækifæri til að læra á og þekkja umhverfi sitt, sögu, náttúru, fyrirtæki og annað sem einkennir umhverfi leikskólans.
3. *Að barnið kynnist lýðræði* (menntun og lýðræði). Virðing er undirstaða lýðræðis. Virðing fyrir sjálfum sér og öðrum. Virðing felst m.a. í sanngirni, umhyggju, víðsýni og umburðarlyndi. Samhliða lýðræði og lífsleikni er stuðlað að því að hver og einn leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

3. Stutt greinargerð um skólastarfið 2017-2018

Skólaárið var skemmtilegt. Margt nýtt hefur áunnist en áherslur okkar hafa einnig styrkt stöðu sína eins og til dæmis könnunaraðferðin.

Í umbótaáætlun fyrir skólaárið kom fram að auka ætti fræðslu um mannréttindi og fjölbreytileika. Strax í haust var farið af stað með samverustundir fyrir allar deildir sem byggðar eru á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í þeim er fjallað á líflegan og skemmtilegan hátt um réttindi barna, vináttu og virðingu fyrir margbreytileika. Brúðan Engilráð sér um fræðslu og fjör á yngri deildum og brúðan Sæli kemur í heimsókn á eldri deildir. Stundirnar eru að jafnaði einu sinni í mánuði og hafa verið vel heppnaðar.

Starfsmenn Hulduheima héldu áfram teymisvinnu um námsmat sem hófst með þróunarverkefni allra skólastiga á síðasta skólaári. Verkferlar vegna útfyllingu TRAS, HLJÓM-2 og Orðaskil voru samræmdir. Búið var til gróft viðmið vegna mats á hreyfiproska og Námsmatsstefna Hulduheima leit dagsins ljós. Teymisvinnan var að gefast vel svo að ákveðið var að stofna teymi um ýmsa aðra þætti sem þarf að koma í framkvæmd í leikskólanum. Teymin eru jafnan blönduð en í þeim eru fulltrúar af eldri og yngri deildum, leikskólakennarar og annað starfsfólk. Sem dæmi má nefna var leikefnisteymi sett á fót en það hefur það hlutverk að móta stefnu um leikefni í leikskólanum og yfirfara efniviðinn.

Á þessu skólaári komu nemendur leikskólans meira að innra mati og fengu að hafa aukin áhrif á starfið. Einnig var send út foreldrakönnun á netinu þar sem leitað var eftir viðhorfi þeirra til leikskólastarfsins. Mat á vor- og haustönn er nú orðinn fastur liður í innra mati starfsmanna. Áhersla er lögð á að raddir allra í skólasamfélaginu fái að heyrast.

Starfsmenn sóttu hin ýmsu námskeið á skólaárinu, vert ber að nefna tvær námsferðir átta leikskólakennara til Alicante og Berlínar á námskeiðið „Leikur að læra“. Þessi kennsluáðferð snýst um að kenna læsi og stærðfræði í gegnum hreyfingu og leik.

Í maí voru 33 nemendur útskrifaðir við hátíðlega athöfn í fjallasal Sunnulækjarskóla. Börnin fóru svo í útskriftarferð að Úlfjótssvatni og Ljósafossvirkjun var einnig heimsótt í þeirri ferð.

Skemmtilegt samstarf hefur skapast við nemendur og kennara í 5. bekk í Sunnulækjarskóla. Það hófst í október með því að 12 nemendur í senn heimsóttu leikskólann klukkustund á viku og léku við öll börn í leikskólanum bæði úti og inni. Eftir áramót var ákveðið að 5. bekkingar myndu aðeins heimsækja elstu nemendur leikskólans. Heimsóknirnar voru áfram einu sinni í viku, klukkustund í senn. Þar hafa eldri nemendur lesið fyrir þau yngri og svo voru skipulagðar leikstöðvar. Elstu nemendur Hulduheima hafa farið í eina heimsókn til nemendanna í Sunnulækjarskóla. Þetta hefur verið mjög skemmtilegt samstarf og þess ber að geta að á næsta ári verður 5. bekkur (þá 6. bekkur) vinabekkur nýnema í Sunnulækjarskóla.

4. Mat á leikskólastarfi

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitafélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, innra- og ytra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Ytra mat er framkvæmt af aðilum utan leikskólans sem hafa með menntamál að gera og þá í umboði sveitarfélags eða mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Innra mat á starfi leikskólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er endur- og símenntun starfsmanna jafnframt sinnt. Foreldrar og börn koma einnig að innra mati eins og fram kemur hér á eftir. Matinu er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Því er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Vegna þess hve skólastarfið er umfangsmikið er ekki hægt að skoða alla þætti á sama tíma. Til þess að tryggja að matið nái til allra sviða skólastarfsins hefur verið útbúin fjögurra ára matsáætlun þar sem skipulagt er hvenær þættir eru metnir. Nánari útfærsla er svo í matsáætlun fyrir hvert skólaár og þá er bætt við eftir áherslum í starfinu hverju sinni.

3.1 Helstu niðurstöður innra mats skólaárið 2017-2018

Starfsmenn mátu eftir haust- og vorönn og til þess voru notaðir heimatilbúnir matslistar. Metið var á deildarfundum og niðurstöður kynntar og ræddar á starfsmannafundi. Það sem var tekið fyrir í annarmatslistum voru þættir er varða daglegt starf á deildum, aðlögun, sérstakar upptak og svo voru þættir í umbótaáætlun metnir. Starfið gekk vel í vetur en aðlögun var mest krefjandi á þeirri deild sem flest yngstu börnin komu á. Hópastarfið hefur gengið vel og það er greinilegt að könnunaraðferðin er komin aftur á flug eftir að hún var eflað í fyrra í kjölfar þróunarverkefnisins um námsmat. Í haust byrjuðum við að opna á einni deild að morgni, bæði yngri og eldri megin. Hefur það gengið vonum framar og mun það fyrirkomulag haldast. Þættir í umbótaáætlun voru metnir og hafa margir þættir eflst í vetur t.d. fræðsla um mannréttindi og margbreytileika og aukin samvinna við foreldra (t.d. tvö foreldravíðtöl í stað eins). Það sem helst má bæta enn frekar er hljóðvist í salnum og ástand lóðar. Einnig náðist ekki að vinna með einkunnarorðin eins og lagt var upp með en það verður sett í teymi á næsta skólaári.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar 2018. Spurningarnar snerust um viðhorf til leikskólans, starfsanda og samvinnu, sjálfsmynd við uppeldi og menntun, foreldrasamstarf, stjórnun, starfsaðstöðu og símenntunarþörf. Á heildina litið voru allir starfsmenn leikskólans ánægðir í starfi og þykir starfsandi góður. Þá þykir helst skorta faglegar umræður og ígrundun á áherslum leikskólans, meiri fræðslu og leiðbeiningu vegna; barna með sérþarfir, hegðun og samskipti barna og jafnframt meiri fræðslu og þjálfun fyrir nýliða í starfi. Um 70% starfsmanna telja álag í starfinu of mikið og einnig er talað um að bæta megi ástand lóðar.

Starfsmenn tóku þátt í lítilli könnun innanhúss þar sem leitað var eftir viðhorfum þeirra til sérkennslumála og hvernig staðið er að snemmtækri íhlutun í Hulduheimum. Hver deild skilaði inn sínum svörum. Þar kemur fram að starfsmönnum þykir umhverfi og kennsluhættir

leikskólans mæta þörfum allra barna og telja að nokkuð vel sé unnið að snemmtækri íhlutun. Stuðningi við deildir og einstaka börn er vel sinnt af hálfu sérkennslustjóra sem er faglegur, sýnilegur og aðgengilegur til ráðgjafar og aðstoðar. Stuðningi innan deildar er nokkuð vel sinnt en þarf að skerpa vinnubrögð og verkaskiptingu. Einnig kemur fram (eins og í Skólapúlsinum) að markvissari upplýsingagjöf og fræðslu vegna barna með sérþarfir mætti bæta.

Nemendur tóku einnig þátt í innra mati. Tveir elstu árgangar (56 börn) svöruðu svokölluðu broskarlamati þar sem líðan þeirra í leikskólanum var könnuð. Einnig voru spurningar er varða sjálfsmynd barnanna og vinatengsl. Elstu nemendur mátu Art tíma og svo fengu börnin að koma með tillögur um hverju mætti breyta í leikskólanum. Börnunum líður yfir höfuð vel í leikskólanum og öll börnin segjast eiga vini í leikskólanum. Langflest telja sig vera góð í einhverju og var ýmslegt nefnt í því sambandi. Þau fá einnig hrós, bæði frá kennurum og vinum. Hægt er að sjá niðurstöður úr matinu á heimasíðu leikskólans.

Nemendur komu einnig að mati á leikefni og máttu koma með hugmyndir varðandi hvað mætti betur fara í þeim efnum.

Matsalurinn var tekinn í notkun vorið 2015 og um haustið sama ár voru greidd atkvæði um að hann yrði áfram. Til þess að skýra línur og bæta samstarf var matsalurinn ræddur sérstaklega á haustönn á þessu skólaári. Tveir elstu nemendaárgangar mátu innan broskarlamatsins og þar kom í ljós að langflestum líður vel (39 af 56) eða sæmilega (16 af 56) í matsalnum. Starfsmenn ræddu saman á deildarfundum og komu með athugasemdir varðandi matsalinn og síðan var fundað með fulltrúum eldhúss á starfsdegi í nóvember. Yngri og eldri deildir funduðu í sitthvorum lagi. Niðurstaðan er sú að matsalurinn er kominn til með að vera og hugmynd kom upp um að setja af stað þróunarverkefni til að gera salinn sem best úr garði til framtíðar.

Lítill foreldrakönnun var lögð fyrir í apríl 2018. Þar var spurt um líðan barns í leikskólanum, upplifun á viðmóti starfsmanna, ánægju með upplýsingaflæði og hvort að foreldrar vilji hafa meiri áhrif eða koma oftar í leikskólann. Einnig gátu foreldrar komið með hugmyndir um leiðir sem hægt væri að fara til að efla samstarf milli foreldra og leikskóla. Helstu niðurstöður voru þær að 94% telja að barninu sínu líði vel í leikskólanum og 87% eru mjög eða frekar ánægð með upplýsingaflæðið frá leikskólanum, þar má helst bæta upplýsingar á töflum fyrir utan deildir um viðfangsefni dagsins. Langflestir finna sig velkomin í leikskólann og finna gott viðmót frá starfsfólki. Foreldrum var gefinn kostur á að koma með tillögur að leiðum til að efla samstarf milli foreldra og leikskóla og komu ýmsar tillögur fram eins og t.d. að bjóða foreldrum að koma og kynna starfið sitt eða koma inn með eitthvað spennandi verkefni. Einnig kom hugmynd um að vera með opinn dag þar sem foreldrum gefst kostur á að taka þátt í skipulögðu starfi eða fleiri uppákomur með þátttöku foreldra. Foreldrar telja mikilvægt að mæta á foreldrafundi en leggja ekki mikla áherslu á að hafa meiri áhrif á leikskólastarfið.

Foreldrar elstu nemenda mátu einnig Art námskeið en samkvæmt þeim tala börnin um tímana heima og eru að tileinka sér færnina.

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður uppfærðu áhættumat leikskólans og fulltrúi vinnueftirlits kom í heimsókn til að gera úttekt á starfsumhverfinu. Helst var bent á vinnuaðstöðu í eldhúsi og slakt ástand lóðar (vatnssöfnun og hálkumyndun).

Helstu niðurstöður hvernar könnunar fyrir sig má sjá nánar á heimasíðu leikskólans.

3.1.1 Helstu umbætur samkvæmt innra mati.

- Hafa þrjá árganga á öllum deildum til að auka samvinnu deilda og dreifa álagi t.d. vegna yngstu barna.
- Efla faglegar umræður og ígrundun t.d. með því að rifja upp námssvið leikskólans.
- Efla fræðslu um börn með sérþarfir t.d. fyrirlestur um einhverfu og ADHD.
- Efla fræðslu um hegðun og samskipti barna.
- Búa til og innleiða agastefnu.
- Bæta nýliðafræðslu.
- Efla foreldrasamstarf t.d. með því að hafa opinn dag og bæta við heimsókn á haustönn. Þjóða foreldrum meira inn t.d. í sambandi við könnun eða ákveðið verkefni. Nota töflur í fataklefa meira.
- Bæta símenntun fyrir ófaglært starfsfólk eins og hægt er.
- Bæta skipulag og fjölga verkferlum til að minnka álag.
- Bæta ástand lóðar

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019 má sjá í fylgiskjöllum.

5. Samsetning nemendahópa og foreldrasamstarf

5.1. Nemendahópurinn (aldur, árgangar, dvalartímar)

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2017. Taka skal fram að um meðaltöl á dvalartíma eru að ræða.

Fjöldi barna í leikskólanum haustið 2017 var 120.

Aldursskipting	
Börn fædd 2012	32
Börn fædd 2013	24
Börn fædd 2014	30
Börn fædd 2015	34
Börn fædd 2016	10
Börn fædd 2017	0

Dvalartími	Fjöldi barna
4 tímar	1
5 tímar	0
6 tímar	6
7 tímar	8
8 tímar	70
9 tímar	35

5.1.1. Fjöldi nemenda sem nutu sérstaks stuðnings

Með sérstakan stuðning er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2017. Fimmtán börn nutu sérstaks stuðnings og vann sérkennslustjóri með þau einstaklingslega og/eða í litlum hópum til viðbótar við það starf sem unnið er á deildum. Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um fundargerðir fyrir teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

Öll börn í elsta árgangi voru prófuð í Hljóm-2 og þau sem komu slök út fengu auka þjálfun.

5.1.2. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Samkvæmt upplýsingum sem sendar voru í skýrslu Hagstofu Íslands í desember 2017 voru 7 tvítyngd börn og tungumálin voru 7.

5.2. Foreldrasamvinna

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við lítum svo á að það sé börnunum fyrir bestu að við gefum sem mestar upplýsingar og þær komi einnig frá foreldrum. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi þess að málin séu rædd jafnóðum ef eitthvað kemur upp á.

Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt. Þar má meðal annars nefna kynningarfundir á vegum leikskólans, foreldrafund að hausti, bónda- og konudagskaffi, vorhátíð, lambaferðir deilda og aðrar upptökur deildanna í tengslum við könnun og hópastarf.

5.2.1. Foreldraráð.

Foreldraráð er starfrækt í leikskólanum. Kosið er í ráðið á aðalfundi foreldrafélagsins að hausti. Á skólaárinu voru starfandi 7 fulltrúar sem einnig gegndu hlutverki stjórnar foreldrafélagsins. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Góð samvinna var með foreldraráðinu í vetur þar sem þau komu að málefnum leikskólans.

5.2.2. Foreldrafundir, foreldrafræðsla.

Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem voru að byrja í aðlögun að hausti var 21. júní. Að hausti var kynningarfundur 26. september fyrir foreldra á eldri deildum og 28. september fyrir foreldra á yngri deildum en á þeim fundum var vetrarstarfið kynnt. Aðalfundur foreldrafélagsins í höndum stjórnar foreldrafélagsins var á öðrum tíma. Í vetur var einnig boðið upp á skyndihjálparfræðslu sem foreldrafélagið greiddi að hálfu og fyrirlestur á vegum *Blátt áfram* sem leikskólinn greiddi.

5.2.3. Foreldraviðtöl (fyrirkomulag, tímabil).

Foreldraviðtöl voru tekin tvisvar sinnum yfir árið og var þá miðað við að upplýsingar /niðurstöður úr TRAS, HLJÓM- 2 og Orðaskil væru sem nýjastar.

5.2.4. Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélaginu en á skólaárinu voru starfandi 7 fulltrúar í stjórn sem einnig sátu í foreldraráði. Foreldrafélagið bauð meðal annars upp á gjöf til útskriftarnemenda, myndatöku í leikskólanum, leikritið Pétur og Úlfurinn frá Brúðuheimum og vorhátíð leikskólans. Við fengum einnig góðar gjafir frá þeim t.d. á afmæli leikskólans og færum við þeim bestu þakkir fyrir.

5.2.5. Fréttabréf

Fréttabréf leikskólans var gefið út þrisvar sinnum á skólaárinu, í september, nóvember og mars og sent foreldrum í tölvupósti. Fréttir voru að öðru leiti settar á facebooksíður deildanna og heimasíðu leikskólans hulduheimar.arborg.is.

5.3. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

5.3.1. Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur þar sem við gátum nýtt okkur þjónustu og ráðgjöf fræðslustjóra, leikskólaráðgjafa, talmeinafræðings, sálfræðings og ráðgjafa vegna kennslu barna af erlendum uppruna.

5.3.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Í Árborg er starfandi faghópur vegna samstarfs leik- og grunnskóla sem kallar sig „Brúum bilið“ en þar sitja fulltrúar allra leik- og grunnskóla ásamt kennsluráðgjöfum beggja skólastiga. Hópurinn sér um að skipulagi um samstarf skólastiganna sé fylgt og funda reglulega yfir skólárið. Samstarfið í ár gekk mjög vel. Nemendur fyrsta bekkjar komu í tvær heimsóknir í leikskólana á haustönn og snemma á vorönn fóru elstu nemendur leikskólans í heimsókn í grunnskólana. Vorskóli var í báðum grunnskólum á Selfossi í apríl. Í vor voru skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann. Á þessu skólaári var samstarf við 5. bekk Sunnulækjarskóla nýjung hjá okkur í Hulduheimum en sagt var nánar frá því í greinargerðinni um nýliðið skólaár hér að framan. Einn nemi í 10. bekk kom í starfsþjálfun til okkar í nokkrar vikur.

Skóladagur Árborgar var 14. mars. Þar sameinast skólastigin og sækja ýmsa fyrirlestra og kynningar og í ár var dagurinn haldinn í Barnaskólanum á Stokkseyri.

5.3.3. Samstarf við háskólana

Á skólaárinu voru tveir leikskólakennaranemar og einn þroskaþjálfanemi í verknámi í Hulduheimum.

5.3.4. Annað samstarf

Í vetur hélt foreldrafélag Hulduheima skyndihjálparnámskeið sem starfsmenn leikskólans sóttu. Einnig hóf starfsmaður störf hér á vegum vinnumálastofnunar og gegnir 50% stöðu. Við fengum nokkrar heimsóknir frá öðrum leikskólum og Emilia Quaranta frá Language Education & Partnership (Leaponline) heimsótti okkur þriðja veturinn í röð með kennarahópa frá hinum ýmsu löndum.

6. Starfsmannamál

Í desember 2017 störfuðu 38 starfsmenn við leikskólann í mismiklu starfshlutfalli. Þar af voru 11 leikskólakennarar og 1 grunnskólakennari. Tveir voru í námi í leikskólakennarafræðum, tveir í sérkennaranámi, einn í grunnskólakennarafræðum, einn í þroskaþjálfarafræðum og tveir leikskólakennarar voru í meistaranámi í stjórnun menntastofnana.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar og fengu allir starfsmenn boð um að mæta. Gefin var hálf klukkustund í samtalið sem fór fram á skrifstofu leikskólastjóra. Leikskólastjóri ræddi við viðkomandi starfsmann og aðstoðarleikskólastjóri skráði samtölin.

6.1. Stjórnskipan Hulduheima skólaárið 2017-2018

Starfsheiti	Nafn	Netfang	Símanúmer
Leikskólastjóri:	Kristrún Hafliðadóttir	kristrunh@arborg.is	480-3282
Aðstoðarleikskólastjóri:	Sólveig Dögg Larsen	solveigd@arborg.is	480-3283
Sérkennslustjóri:	Jensína Kristín Gísladóttir	jensinak@arborg.is	480-3266
Deildarstjóri Hlynskóga:	Íris Erla Sigurðardóttir	irise@arborg.is	480-3288
Deildarstjóri Sólbakka:	Birna Guðrún Jónsdóttir	birnagj@arborg.is	480-3287
Deildarstjóri Kirsuberjadals:	Kristín Bjarnadóttir	kb@arborg.is	480-3289
Deildarstjóri Kattholts:	Júlíanna Auðunsdóttir	juliana@arborg.is	480-3285
Deildarstjóri Sjónarhóls:	Steinunn Hrefna Magnúsd.	steinunnh@arborg.is	480-3284
Deildarstjóri Smálanda:	Helena Sif Kristinsdóttir	helenasif@arborg.is	480-3286

6.2. Fundarhöld og starfsdagar.

- Morgunfundir eru haldnir klukkan 8:50 á hverjum morgni á skrifstofu aðstoðarleikskólastjóra þar sem farið yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn.
- Deildarfundir eru hálf tíma einu sinni í viku.
- Deildarstjórafundir eru einu sinni í viku. Á þeim fundum sitja allir deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri.
- Samráðsfundir deildarstjóra og sérkennslustjóra með sálfræðingi frá skólapijónustu eru haldnir með reglulegu millibili yfir skólaárið en þar gefst deildarstjórum tækifæri til að leita ráðgjafar varðandi einstaka mál. Aðstoðarleikskólastjóri situr einnig þá fundi.
- Fagfundur var haldinn 20. maí 2018 en þá fundu allir leikskólakennarar og aðrir háskólamenntaðir starfsmenn. Fundur fyrir ófaglært starfsfólk verður haldinn í ágúst/september 2018.
- Starfsmannafundir voru innan starfsdaga.
- Teymisfundir voru einu sinni í viku en í vetur var eitt teymi starfandi hverju sinni og fundaði eins oft og verkefnið krafðist.
- Samráðsfundir stjórnenda og eldhúss annars vegar og stjórnenda og sérkennslustjóra hins vegar voru með reglulegu millibili í vetur, viðmiðið var að fundu annanhvern mánuð.
- Samráðsfundir leikskólastjóra í Árborg, fræðslustjóra og leikskólaráðgjafa voru einu sinni í mánuði.
- Sérkennslustjórar í leikskólum Árborgar funduðu einnig mánaðarlega í vetur.

6.3. Símenntun starfsmanna

Góð símenntun er nauðsynleg til að viðhalda fagmennsku og starfsþróun innan leikskólans. Hún er liður í umbótum samkvæmt innra mati starfsmanna og mikilvæg til að viðhalda þeim áherslum sem skólinn hefur sett sér. Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið og fræðsluerindi en einnig er tekið tillit til óska starfsmanna varðandi símenntun.

Leikskólastjóri auglýsir fræðsluerindi/námskeið (frá sveitarfélagi og fleiri aðilum) jafnóðum og þau berast og starfsmenn koma með sínar óskir um að sækja þessi námskeið. Leikskólinn greiðir námskeið og fyrirlestra sem eru á starfsdögum en einnig þau sem tengjast mikilvægum þáttum leikskólastarfsins s.s skyndihjálpi, ART, Tras og Hljóm- 2 og námskeið vinnueftirlits. Önnur námskeið og fræðsluerindi sem kennarar sækjast eftir að fara á greiða þeir sjálfir en fá endurgreitt frá sínu stéttarfélagi.

Þar sem tilboð um símenntun berast leikskólanum allt skólaárið er ekki hægt að skipuleggja alla símenntun skólaársins að hausti en í starfsáætlun má sjá hvaða símenntun er þegar ákveðin fyrir komandi skólaár.

6.3.1 Námskeið og símenntun starfsmanna skólaárið 2017-2018

Sex starfsdagar þ.e. skipulags- og námskeiðsdagar voru á liðnu skólaári en innan þeirra var Skóladagur Árborgar en fyrir hann fékkst auka skipulagsdagur.

- Starfsdagur 17. ágúst - starfsmannafundur, upprifjun TMT og fyrirlestur Lucindu Árnadóttur sálfræðings um leiðir til að fyrirbyggja erfiða hegðun.
- Haustþing 8. deildar FL og FSL var haldið 13. október á Hótel Selfossi en þingið er haldið fyrir alla starfsmenn leikskóla í 8. deild. Þar voru í boði fjölbreyttir fyrirlestrar og fræðsluerindi.
- Starfsdagur 16. nóvember - Skoðuðum leikskólana í Hveragerði og vorum með starfsmannafund eftir hádegi þ.á.m umræður um matsal og vinnuverndarmál.
- Starfsdagur 13. febrúar – Starfsmannafundur og sameiginlegur fundur með öðrum leikskólum Árborgar þar sem kynningar og umræður um starfið fóru fram.
- Skóladagur Árborgar 14. mars – Allir starfsmenn í leik- og grunnskólum komu saman og hlýddu á margvíslega fyrirlestra og kynntu sér kennsluaðferðir og fleira í málstofum.
- Starfsdagur 12. júní – Starfsmannafundur, deildarvinna og deildarfundir.

Auk þeirrar símenntunar sem hefur verið tilgreind á skipulagsdögum sóttu starfsmenn ýmis námskeið og fyrirlestra, þá ber að nefna:

Hverjir	Hvað
Tveir starfsmenn	Biophilia kennsluaðferð
Sérkennslustjóri	Hugarfrelsi, leiðbeinendanámskeið <i>Færni til framtíðar</i> , Leikskóli fyrir alla.
Tveir starfsmenn yngri deilda	Könnunarleikurinn
Öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður	Námskeið hjá Vinnueftirliti
Tveir starfsmenn eldri deilda	Art námskeið
Trúnaðarmenn stéttarfélaga	Trúnaðarmannanámskeið
Eldhússtarfsmenn	Stóreldhúsið
Aðstoðarleikskólastjóri og þroskajálfanemi	Cat námskeið

Þroskaþjálfari og sérkennslustjóri	AEPS námskeið
Leikskólastjórnendur	Stjórnendanámskeið
Átta leikskólakennarar	Leikur að læra
Allir starfsmenn	Blátt áfram- kynferðisleg hegðun barna
Hluti af starfsmönnum	Skyndihjálpi

6.3.2 Símenntunaráætlun skólaársins 2018-2019

Dags.	Símenntun	Hvar
Skipulagsdagur 13. ágúst	Fræðsla fyrir nýliða, slökkvilið með fræðslu	Hulduheimar
Starfsmannafundur, utan vinnu, 17. september	Umræður eftir lesefni, agastefna, Art kynning.	Hulduheimar
Haustþing 5. október	Ýmsir fyrirlestrar	Hótel Selfoss
Skipulagsdagur 5. nóvember	Persónuvernd, barnavernd, agastefna Hulduheima, einkunnarorð	Hulduheimar
Starfsmannafundur utan vinnu 4. desember	Umræður eftir lesefnið: „Lýðræði og mannréttindi“. Námsferð vor 2019	Hulduheimar
Skipulagsdagur 4. febrúar	Fyrirlestur vegna barna með sérþarfir-leikskóli fyrir alla	Hulduheimar
Starfsmannafundur utan vinnu 12. mars	Umræður um námssviðið Sjálfbærni og vísindi eftir lesefnið „Sjálfbærni“ .	Hulduheimar
Skipulagsdagur 15. apríl	Sameiginleg fræðsla og samráð	Leikskólar í Árborg
Skipulagsdagur 31.mái	Deildarvinna, endurmat.	Hulduheimar
Starfsmannafundur utan vinnu 10. júní	Umræður um námsferð vor 2020	Hulduheimar

Tveir starfsmenn á eldri deild fara á Art námskeið og einnig fara 2-4 starfsmenn á TRAS námskeið.

Tekið verður fyrir lesefni í leslotum sem allir starfsmenn eiga að lesa. Lesefni vegna mótunar og innleiðingar agastefnu; úr efninu „Uppeldi til ábyrgðar- færni til framtíðar“. Vegna umræðu og eflingu á einkunnarorðum leikskólans sem og umræðu um námssvið leikskólans; heftin „Lýðræði og mannréttindi“ og „Sjálfbærni“.

Auk þessa er lögð áhersla á að starfsmenn komist á námskeið og ráðstefnur sem eru reglulega auglýst og í boði fyrir starfsmenn Árborgar.

7. Starfsáætlun skólaársins 2018-2019

Áherslur í starfi Hulduheima

Áherslur næsta skólaár:

- Vinna með einkunnarorðin og þar með auka faglegar umræður um lýðræði og samfélag.
- Gera matsalinn tilbúinn til frambúðar. Bæta vinnuaðstöðu, hljóðvist og finna leiðir til að nota hann á fjölbreyttari hátt.
- Halda áfram með teymisvinnu og gera ráð fyrir teymisfundum í skipulagi.
- Halda áfram að auka samráð milli deilda, eldri megin annars vegar og yngra megin hins vegar.
- Efla samstarf vinadeilda (yngri og eldri deild).
- Auka samvinnu milli árganga. Byrja á elsta árgangi.
- Hópastarf heitir núna Könnun en innan þeirra stunda verða námsviðin samþættuð.
- Halda áfram að efla þekkingu barna á réttindum sínum og annarra og virðingu fyrir margbreytileika.
- Gera gott starf enn betra

8. Fylgiskjöl

Umbótaáætlun 2018-2019

Markmið	Leiðir	Hvenær meta
Efla faglegar umræður og ígrundun	Leslotur, lesa valið efni vegna agastefnu og heftin <i>Lýðræði og mannréttindi og Sjálfbærni</i>	Eftir vor- og haustönn, hvernig gengur?
Efla fræðslu um börn með sérþarfir	Kynna vel fyrir starfsfólki eins og hægt er. Fyrirlestur um einhverfu og almennt um menntun fyrir alla	Eftir skólaárið
Efla þekkingu og kunnáttu starfsmanna að takast á við erfiða hegðun	Búa til agastefnu og samhliða innleiðingu lestur og umræður.	Eftir haust- og vorönn
Bæta nýliðafræðslu	Sérstakur kynningarfundur á fyrsta starfsdegi, handleiðsla samhliða gátlista	Um áramót, könnun fyrir nýtt starfsfólk.
Efla foreldrasamstarf	Upplýsingar á töflum, bæta við foreldraheimsókn að hausti, bjóða foreldrum meira inn með verkefni eða kynningar, opinn dagur á vorönn	Minna á um áramót og meta að vori.
Bæta símenntun fyrir ófaglærða	Sérstakir fræðslupakkar á vegum fræðslunets, nám í boði. Kanna óskir á fundi að hausti.	Eftir skólaárið.
Minna álag og óvissu	Bæta skipulag. Búa til skýra verkferla, stefnur og áætlanir. Bæta upplýsingaflæði innan skólans.	Eftir haust- og vorönn.
Bæta ástand lóðar	Samstarf við Fasteignafélag Árborgar	Háð ytri aðilum og fjármagni.
Bæta vinnuaðstöðu í undirbúningsherbergi	Henda túbusjónvörpum og fá hentugt vinnuborð, jafnvel fleiri stillanlega stóla. Gelpúða fyrir lyklaborð.	Háð ytri aðilum og fjármagni.
Bæta vinnuaðstöðu í eldhúsi	Fá koll á hjólum inn í þvottahús, athuga vask.	Háð ytri aðilum og fjármagni.
Bæta aðstöðu í matsal, skerpa á tilgangi og verkferlum.	Sækja um þróunarverkefni,	Fer eftir tímasetningum á umsóknum/ferlinu
Auka umræðu og þekkingu á einkunnarorðum leikskólans	Teymi um einkunnarorðin, hafa þau sýnileg og kenna þau. Tengja við leslotur.	Athuga hvernig gengur um áramót, meta í lok skólaárs.
Skapa rými fyrir teymi og jafnvel fjölga hópastarfstímum á eldri deildum	Hafa hópastarf þrisvar í viku fyrir öll börn og samþætta námssvið	Eftir haust- og vorönn.

Matsáætlun skólaárið 2018-2019

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnaöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Uppeldi, menntun og starfshættir	Skerpa sýn leikskólans á uppeldi og menntun og samræma vinnubrögð.	Að starfshættir séu skýrir og í samræmi við Aðalnámskrá, Námskrá Hulduheima og agastefnu Huldheima. Að vinnubrögð séu samræmd.	Spurningar í endurmati haust- og vor í samræmi við innleiðingu agastefnu leikskólans.	Allt skólaárið	Stjórnendateymi
Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Að nemendur búi við lýðræði, hafi tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á leikskólastarfið.	Lesefni: „Lýðræði og mannréttindi“. Spurningar í samræmi við „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“.	Spurningalistar til starfsmanna. Umræður á deildarfundum og starfsmannafundi. Spurningar/viðtöl við nemendur.	Nóvember/desember 2018	Stjórnendateymi
Námssvið leikskólans	Að skoða leikskólastarfið m.t.t. námssviða leikskólans. Taka fyrir „sjálfbærni og vísindi“.	Að unnið sé með námssviðin í samræmi Aðalnámskrá leikskóla.	Lestur og umræður á starfsdegi, heimatilbúinn matslisti.	Febrúar-apríl 2019	Stjórnendateymi

Leikskóli án aðgreiningar	Að nemendur hafi jöfn tækifæri til leiks og starfs í leikskólanum, draga úr hindrunum. Bæta verkskipulag og verkferla.	Að starfshættir og verklag sé í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla, lög og reglugerðir og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.	Spurningar til foreldra í Skólapúlsinum, spurningar í endurmati starfsmanna eftir haust- og vorönn. Spurningar/viðtöl við nemendur.	Allt skólaárið	Stjórnendateymi
Hlutverk leikskólakennara	Að skerpa hlutverk leikskólakennara og valdefla þá	Aðalnámskrá leikskóla. Spurningar í samræmi við „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“. Athuga starfslýsingar.	Matslistar Skólapúlsinn Starfsmannaviðtöl	Allt skólaárið	Stjórnendateymi
Velferð og líðan barna	Að kanna líðan nemendanna í leikskólanum og hvort við mætum þörfum þeirra.	Að börnunum líði vel, að þörfum þeirra sé mætt og að þau njóti sín í leikskólanum.	Broskarlakönnun og samtöl við börn. Foreldrakönnun Skólapúlsins og foreldraviðtöl.	Allt skólaárið. Spurningar/viðtöl við nemendur í nóvember.	Stjórnendateymi

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi, viðhorf og upplýsingamiðlun	Að auka traust og góða samvinnu milli heimilis og skóla.	Að foreldrar beri traust til leikskólans, þekki starfsemi hans og fái tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Viðmið í Aðalnámskrá leikskóla.	Foreldrakönnun Skólapúlsins, foreldraviðtöl, mat nýrra foreldra á aðlögun?	Allt skólaárið. Netkönnun til foreldra nýrra barna fyrir áramót, foreldrakönnun Skólapúlsins vorið 2019. Spurningar í endurmati starfsmanna eftir haust- og vorönn.	Stjórnendateymi
Innra mat: framkvæmd, gagnaöflun og vinnubrögð, opinber birting og umbætur.	Að gera innra mat markvissara og gagnlegra.	Að innra mat sé gagnlegt og gefi góðar upplýsingar um innra starf og umgjörð leikskólans. Viðmið í Aðalnámskrá leikskóla.	Matsteymi stofnað sem sér um að skipuleggja og meta. Spurningar inn á deildarfundi eða starfsmannafund á vorönn?	Vorönn 2019	Stjórnendur og matsteymi.
Umbótaáætlun	Að meta þætti í umbótaáætlun	Að halda áætlun við mat á umbótaþáttum og gera eins vel og hægt er.	Sjá umbótaáætlun	Spurningar í endurmati eftir vor- og haustönn.	Stjórnendur

Leikskóladagatal 2017-2018

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2017 - 2018

Nafn skóla: Hulduheimar

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 Þ Sumarfrí	1 F	1 S	1 M	1 F Fúlvékkidagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 S Þeskadagur	1 Þ Verkalýðdagurinn	1 F
2 M Sumarfrí	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Dagur stærðfræðinnar	2 F	2 M Annar í þóskum	2 M	2 L
3 F Sumarfrí	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 F	3 S Þjómennadagurinn
4 F Sumarfrí	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Hvítur dagur	4 S	4 S	4 M	4 F	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ Rauður dagur	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ Hjóladagur yngri
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur líkiskólans	6 Þ	6 F Þorsköll í Vallaskóla	6 S	6 M Hjóladagur eldri
7 M Fridagur verslunarmanna	7 F	7 L	7 Þ Blár dagur	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F
8 Þ Sumarfrí	8 F Dagur lesa	8 S	8 M Baráttudagur gegn einviti	8 F	8 M	8 F Þorablót/svarfur d.	8 F	8 S	8 Þ Grænn dagur	8 F
9 M Sumarfrí	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M Þorsköll í Vallaskóla	9 M	9 L
10 F Loksöldin opnar	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ Þorsköll í Vallaskóla	10 F Úppsýrningardagur	10 S
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ Starfisdagur - Lokab
13 S	13 M	13 F Haustþing - Lokab	13 M	13 M	13 L	13 Þ Starfisdagur-Lokab Sprengidagur	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 M	14 F	14 L	14 Þ Afmæli Hulduheima	14 F Jólalab	14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F Starfisdagur-Lokab Dagur íslenskrar tungu	16 L	16 Þ	16 F Konudagskaffi	16 F	16 M	16 M	16 L
17 F Starfisdagur - Lokab	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F Útskrift	17 S Lýðveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S Konudagur	18 S	18 M	18 F	18 M
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur/Kaffi	19 M	19 M	19 F Sumardagurinn fyrsti	19 L	19 Þ
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S Hvítasunnudagur	20 M
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M Annar í hvítasunu	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorlákamessa	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S Aðfangadagur jóla	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F Útskriftarferð	24 S
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 S Þíttasunnudagur	25 M	25 F	25 M
26 L	26 Þ Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ Annar í jólum	26 F	26 M	26 M	26 F	26 L	26 Þ
27 S	27 M	27 F Þangadagurinn	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F Gulur dagur	27 S	27 M
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F Rökkurstund	29 F	29 M	29 F Skírdagur	29 S	29 Þ	29 F
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 F Þósdagurinn langi	30 M	30 M	30 L
31 F		31 Þ		31 S Gamlársdagur	31 M		31 L		31 F	

Leikskóladagatal 2018-2019

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla: **Hulduheimar**

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚÁR		FEBRÚÁR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Sumarfrí	1 L		1 M		1 F		1 L	Fullveldisdagurinn	1 Þ	Nýársdagur	1 F	Dagur stærðfræðinnar	1 F		1 M		1 M	Verkalýðisdagurinn	1 L		1 M	
2 F	Sumarfrí	2 S		2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 L		2 L		2 Þ		2 F		2 S	Sjómanna dagurinn	2 Þ	
3 F	Sumarfrí	3 M		3 M		3 L		3 M		3 F	Hvítur dagur	3 S		3 S		3 M		3 F		3 M		3 M	
4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 Þ		4 F		4 M	Skipulagsdagur	4 M	Bolludagur	4 F		4 L		4 Þ	Hjóladaur yngri	4 F	Sumarfrí hefst
5 S		5 M		5 F	Hautstíng	5 M	Skipulagsdagur	5 M		5 L		5 Þ		5 Þ	Sprengrdagur	5 F		5 S		5 M	Hjóladaur eldri	5 F	
6 M	Frídagur verslunarmanna	6 F		6 L		6 Þ		6 F	Rauður dagur	6 S	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 Þ	Sumarfrí	7 F	Dagur læsis	7 S		7 M	Blár dagur	7 F		7 M		7 F	Þorablót	7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 S	
8 M	Sumarfrí	8 L	Dagur læsis	8 M		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 L		8 Þ		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F	Leikskólinn opnar	9 S		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 L		9 L		9 Þ		9 F	Grænn dagur	9 S	Hvítasunnudagur	9 Þ	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S		10 S		10 M		10 F		10 M	Annar í hvítasunu	10 M	
11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 M		11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F	
12 S		12 M		12 F		12 M		12 M		12 L		12 Þ		12 Þ		12 F	Gulur dagur	12 S		12 M	Vorhátíð	12 F	
13 M	Skipulagsdagur	13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 M		13 L		13 M		13 F		13 L	
14 Þ		14 F		14 S		14 M	Afmæli Hulduheima	14 F		14 M		14 F		14 F		14 S	Þámasunnudagur	14 Þ		14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 F		15 M	Skipulagsdagur	15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 S		16 M		16 L		16 L		16 Þ		16 F		16 S		16 Þ	
17 F		17 M	Starfsmannafundur	17 M		17 L		17 M	Starfsmannafundur	17 F		17 S		17 S		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 Þ	Jólaball	18 F		18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 Þ		18 F	
19 S		19 M		19 F		19 M		19 M		19 L		19 Þ		19 Þ		19 F	Föstudagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 M		20 F		20 L		20 Þ	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 S		20 M		20 M		20 L		20 M		20 F		20 L	
21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 F		21 M		21 F		21 F		21 S	Þlékadagur	21 Þ	Útskrift	21 F		21 S	
22 M		22 L		22 M		22 F		22 L		22 Þ		22 F	Konudagskaffi	22 F		22 M	Annar í þlékum	22 M		22 L		22 M	
23 F		23 S		23 Þ		23 F		23 S	Þorláksmessa	23 M		23 L		23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	
24 F		24 M		24 M		24 L		24 M	Aftangadagur jóla	24 F		24 S	Konudagur	24 S		24 M		24 F		24 M		24 M	
25 L		25 Þ		25 F		25 S		25 Þ	Jóladagur	25 F	Böndadagskaffi	25 M		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti	25 L		25 Þ		25 F	
26 S		26 M	Evdóski tungumáladagurinn	26 F	Bangsadagurinn	26 M		26 M	Annar í jólum	26 L		26 Þ		26 Þ		26 F		26 S		26 M		26 F	
27 M		27 F		27 L	Fyrsti vetrardagur	27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 M		27 L		27 M		27 F		27 L	
28 Þ		28 F		28 S		28 M	Rókkurstund	28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 Þ	Útskriftarferð	28 F		28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 Þ				29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	
30 F		30 S		30 Þ		30 F		30 S		30 M				30 L		30 Þ		30 F	Uppstígringardagur	30 S		30 Þ	
31 F				31 M				31 M	Gemtírsdagur	31 F				31 S				31 F	Skipulagsdagur			31 M	

Samþykki foreldraráðs

Selfossi 12. september 2018

Foreldraráð Hulduheima hefur lesið starfsskýrslu Hulduheima 2018 og samþykkir hana.

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir fulltrúi foreldraráðs

Kristrún Hafliðadóttir leikskólastjóri

